





Helgi Þ. Friðjónsson: Oh. I am ashamed of you (1983). Olía á striga 208x248 sm. Eign listamannsins.



Jóhann Briem: Bræðurnir sjö (1970). Olía á striga 125x180 sm.



Hringur Jóhannesson: Við dyrnar (1972). Olía á striga 110x90 sm. Eign listamannsins.



Eiríkur Smith: Óskin (1975). Olía á striga 100,3x85,5 sm.

an við venjubundna sjónræna skynjun okkar. Á síðastliðnum misserum hefur svo kveðið við nýjan tón í verkum listamannsins sem er orðinn lausari í formi auk þess sem liturinn hefur öðlast ríkari efnisvirkni. Minna efnistökin óneitanlega á eldri takta frá formleysismálverkinu.

Gunnar Örn (f. 1946) tileinkaði sér snemma myndmál fígúratífa málverksins og í byrjun 8. áratugarins vakti hann athygli fyrir expressionískar fígúrumyndir þar sem kvenlíkaminn var helsta viðfangsefnið. Þessar myndir voru hlaðnar sálfræðilegri spennu en þó ávallt afmarkaðar með líkamlegum útlínum. Átökin áttu sér stað í holdinu, litnum sem listamaðurinn skóf upp og gaf margræðar merkingar. Síðastliðinn áratug hefur málverk listamannsins breyst í grundvallaratriðum. Hann varð líkt og fleiri fyrir greinilegum áhrifum frá Nýja málverkinu og kastaði þá fyrir róða öllum hefðbundnum reglum um teikningu og rými sem einkennt höfðu fyrri verk hans. Nú var það tilfinningin sem réði ferðinni og sú löngun að finna upp áður óþekkt form, fígúrur sem áttu uppruna sinn í hugskoti listamannsins. Hann málar nú á fletinum ummyndaðar fígúrur og furðufyrirbæri sem hafa einna helst vísun í íslenska náttúru og menningu. Ormurinn hefur t.d. opnað fyrir honum myndræna möguleika formrænt og ekki síður sem stoð fyrir táknfræðilegar merkingar.

Það er annars athyglisvert hve fáir listamenn af þessari kynslóð hafa einbeitt sér að manninum sem myndefni. Fígúran í verkum Hauks Dór (f. 1940) er á mörkum hins óhlutlæga málverks. Þorbjörg Höskuldsdóttir (f. 1939) hefur umfram allt lagt sig fram við að gefa okkur nýja sýn á landslagið þó svo að fígúran sé oft til staðar í verkum hennar. Helgi Gíslason (f. 1947) gerði um tíma bronsmyndir sem byggðust á mannslíkamanum en voru í raun hugleiðing um sjálft skúlptúrhugtakið. Gunnsteinn Gíslason (1946) yrkir um manninn í samspili við náttúruna sem hann leysir upp í myndbrot á myndfletinum.



Sveinn Björnsson: Græni Kristur (1967). Olía á striga 90x110 sm. Eig.: Kjarvalsstaðir.

POPPLISTIN

Ef við lítum hins vegar á andstæðu fyrrgreindra listamanna sem á einn eða annan hátt tileinkuðu sér myndmál expressionismans þá kemur listamaðurinn Erró (f. 1932) fyrst upp í hugann. Erró gerði samklippur allt frá 1958 en tók þær ekki upp í málverkinu fyrr en hann kynntist Popplistinni í New York árið 1962. Þá hvarf hann frá allri formsköpun og snéri sér þess í stað að myndum fjölmiðlaheimsins sem hann málaði á léreftið með aðstoð myndvörpu. En það sem hefur markað sérstöðu Errós innan Popplistarinnar er vafalítið hvernig listamaðurinn hefur á kerfisbundinn hátt skipulagt myndrýmið og fundið leiðir til að sýna ólíka tíma á myndfletinum. Þar teflir hann ýmist saman myndum sem hafa eigið myndrými eða hann lætur myndir af ólíkum uppruna ganga inn í sameiginlegt rými. Andspænis slíkum myndum er vart hægt að nota hefðbundna viðmiðun í málverki. Við stöndum frammi fyrir nýrri tegund af málverki þar sem listamaðurinn er búinn að brjóta af sér öll takmörk tíma og rúms og rugla okkar náttúrlegu skynsemi. Við neyðumst til að lesa verk hans, túlka myndbrot sem sífellt breyta um merkingu eftir því hvaða grunnformi eða mynd við tengjum þau. Þessar merkingarlegu tilfærslur gefa verkum listamannsins óvenju auðugt táknrænt gildi. Tryggvi Ólafsson (f. 1940) er annar listamaður sem tók upp myndmál og aðferðir Popplistarinnar. Í fyrstu lét hann sér nægja að stækka upp þekktar ljósmyndir en með frekari úrvinnslu hafa verkin orðið flóknari í myndbyggingu og frásögnin ríkari. Andstætt við marga aðra popplistamenn þá finnur áhorfandinn ávallt návist höfundar í verkum Tryggva, hvort sem það er í áferð litarins eða táknfræðinni.

Í raun þá hefur Popplistin haft lítil áhrif á íslenska listamenn og það er athyglisvert að þeir tveir, sem mest hafa lagt af mörkum til hennar, hafa lengst af verið búsettir erlendis, Tryggvi í Kaupmannahöfn og Erró í París. Nokkrir listamenn eru þó fjartengdir Poppinu eins og t.d. Sigurjón Jóhannsson (f. 1939) sem gerði verk í anda poppsins á 7. áratugnum en hefur lítt þróað þær hugmyndir; Hringur Jóhannesson (f. 1932) hefur verið orðaður við Poppið en hefur þó umfram allt fylgt hugmyndum ný-raunsæisstefnunnar og lagt sig fram við að gefa ný og óvænt sjónarhorn á hversdagslegt umhverfi okkar; Bragi Ásgeirsson (f. 1931) tengist poppinu óbeint með neo-dadaískum aðferðum sínum þar sem hann nýtti „notaðan hlut“ í myndgerðina og hafði endaskipti á merkingu þeirra.

NÝBYLGJA

Í byrjun þessa áratugar urðu mikil straumhvörf í íslenskri myndlist þegar fígúratíft málverk ruddi sér aftur til rúms eftir að Land Art, Conceptlist og Performance höfðu verið ríkjandi meðal framsækinna listamanna síðastliðin 10 ár. Víst er að þetta fígúratífa málverk, sem nefnt hefur verið Nýja málverkið, er náskylt fyrri og seinni tíma expressionisma. Málverk eftir Jóhann Briem ganga fyllilega með verkum eftir Jón Axel (1956), Tolla (1953) og Jón Óskar (1954). Og undarlegur skyldleiki virðist vera milli verka Gunnlaugs Scheving og Helga Þorgils Friðjónssonar (1953). Greinilegt er að Nýja málverkið á Íslandi er samruni hugmynda frá ólíkum menningarsvæðum þar sem skarast fjarskyldar liststefnur og hugmyndir. Helgi Þorgils, sem var einna fyrstur til að innleiða Nýja málverkið hér á landi, sótti menntun sína til Hollands þegar Conceptlistin var í algleymingi og víst er að hún hefur að verulegu leyti haft mótandi áhrif á afstöðu hans til myndmáls og stíls. Í fyrstu einkenndust verk hans af nákvæmri línuteikningu en á síðastliðnum árum hafa fígúrurnar orðið mótaðri og holdlegri. Helgi Þorgils er einn af fáum íslenskum, fígúratífum málurum sem gerir raunverulegt frásagnarverk, sem í flestum tilfellum lýsa sambandsleysi milli einstaklinga, tilgangsleysi sem oft jaðrar við fáránleika. Jón Óskar dvaldi í Bandaríkjunum og bera stórar og metnaðarfullar myndir hans þess merki. Jóhanna Kristín Yngvadóttir hefur hins vegar sótt í smiðju Edvards Munch en þótt kunna að gera persónuleg og hrífandi listaverk. Í verkum Daða má svo merkja greinileg tengsl við súrrealismann, einkum eins og hann birtist á Norðurlöndum. Af þessari stuttu upptalningu er greinilegt að þeir listamenn af yngstu kynslóðinni, sem stunda fígúratíft málverk, hafa sótt efni víða, ennfremur sem þeir hafa orðið fyrir áhrifum hver frá öðrum.

En um hvað fjallar svo fígúratíf myndlist á Íslandi síðastliðna áratugi? Í upphafi var hún hlaðin félagslegri gagnrýni. Í verkum sínum frá 7. áratugnum lýsir Einar Hákonarson firringu nútímamannsins; Tryggvi Ólafsson málar „Mótmælafundinn“ 1968 auk þess sem hann tekur skýra afstöðu á móti hernaðarbrölti Bandaríkjamanna; og Erró deilir harðlega með skopi eða beinskeyttum myndbrotum á fáránleika Víetnamstríðsins og hrópandi óréttlæti hvar sem það finnst í veröldinni. En síðastliðinn áratug getum við sagt að hin félagslega gagnrýni hafi horfið að mestu úr verkum íslenskra myndlistarmanna — að örfáum undanskildum — og þeir orðið uppteknari af eigin sjálfi. Málverkin sýna sjaldnast raunverulega frásögn, athöfn eða félagslegar tilvísanir, heldur eru þau eintal í fyrstu persónu; spurning um tilfinningar og upplifun sem listamaðurinn þrýstir í efnið, litinn og formið.

Höfundur er listfræðingur.